



Karlmenn sem starfa með börnum

Hvað hindrar karlmenn að sækja í störf með ungum börnum?

Pétur Örn Gíslason

Lokaverkefni til B.A.-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Karlmenn sem starfa með börnum

Hvað hindrar karlmenn að sækja í störf með ungum börnum?

Pétur Örn Gíslason

Lokaverkefni til B.A.-prófs í Tímstunda- og félagsmálafræði

Leiðsögukenari: Árni Guðmundsson

Ípróttá-, tímstunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar, 2014

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.A. prófs í Tólstunda- og félagsmálafræði. Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Pétur Örn Gíslason, 2014

Prentun: Bóksala Kennaranema
Reykjavík, Ísland 2014

Útdráttur

Verkefnið fjallar um eigindlega rannsókn sem gerð var á karlkyns starfsmönnun leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Litið var til viðhorfa þeirra til ástæðna þess hve fáir karlmenn starfi á leikskólum eins og raun ber vitni. Rannsóknarspurningin var því, hvað hindrar karlmenn að sækja í störf með ungum börnum? Leitað var svara við þessari spurningu og fleirum. Gagnanna var aflað með eigindlegum viðtölum við fjóra einstaklinga. Viðtölin voru greind með tilliti til rannsóknarspurningarinnar hér að ofan. Niðurstöðurnar voru nokkuð einhliða en þar kemur fram að launakjör meðal leikskólakennara séu almennt lág og því nauðsynlegt að hækka þau. Einnig kom fram að ef stjórnendur leikskólanna myndu markvisst ráða inn fleiri karla á leikskólana mætti fjölga þeim verulega, bæði í starfi og síðar námi. Þá kom í ljós að fjölgun leikskólakennara almennt, óháð kyni þeirra, sé mjög mikilvæg í okkar samfélagi þar sem eingöngu 20% starfsmanna leikskóla á höfuðborgarsvæðinu eru menntaðir sem leikskólakennarar.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	5
1. Inngangur.....	6
2. Samfélagið	7
2.1. Staðalímyndir	7
2.2. Kynjaskiptur vinnumarkaður	8
2.3. Fordómar.....	10
2.4. Laun	13
2.5. Áhrif fjölmiðla.....	14
3. Af hverju fleiri karla?	15
4. Aðferðafræði og þátttakendur	16
4.1. Aðferðafræðin	16
4.2. Þátttakendur.....	17
5. Greining gagna	17
5.1. Viðmælendur mínir	17
5.2. Greining gagna.....	19
6. Niðurstöður.....	24
7. Lokaorð	25
8. Heimildir	26
9. Fylgiskjal 1.....	31

Formáli

Að vinna á leikskóla er yndislegt, gefandi og síðast en ekki síst skemmtilegt. Ég hafði starfað á leikskóla í rúm tvö og hálf ár áður en ég hélt í nám mitt í Háskóla Íslands. Ég starfaði einungis með einum karlmanni allan þennan tíma á leikskólanum. Ekki man ég eftir karlmanni á leikskólanum þegar ég var þar sjálfur sem barn, hvað þá heldur fyrstu ár grunnskólans. Því langaði mig að komast að því hvað það er sem hindrar karlmenn í að sækjast í störf með börnum. Verkefnið hefur verið í vinnslu og undirbúningi undanfarið eitt ár með hléum og kviknaði áhugi minn mjög sterkt eftir að ég horfði á kvikmyndina *Jagten* og las í kjölfarið margar greinar sem tengjast viðkomandi efni. Þetta ferðalag hefur verið afar fræðandi, skemmtilegt og einnig opnað augun fyrir mér hvað hægt er að gera til að fjölga karlmönnum á leikskólum í náinni framtíð, vonandi. Að lokum vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Árna Guðmundssyni kærlega fyrir samstarf okkur í gegnum allt námið og þessa rannsókn.

Þetta lokaverkefni er samið af mér, undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, _____._____ 2013

1. Inngangur

Á Íslandi eru karlmenn í miklum minnihluta þeirra sem gegna störfum leikskólakennara eða leiðbeinanda á leikskólum, eða einungis 6%. (Hagstofa Íslands, 2012). En skiptir það einhverju máli fyrir börnin? Þurfum við á annað borð að hafa karlmenn inn á leikskólum?

Í þessari ritgerð mun ég leita svara við því hvernig samfélagið hefur áhrif á þennan dræma fjölda karla sem starfa á leikskólum og sækja í námið. Sumir vilja meina að fyrirvinnu hugarfar karla sé enn sterkt í þeim og leiti þeir því frekar í störf sem afla þeim meiri tekna. Farið verður yfir áhrif staðalímynda í samfélaginu og hvaða áhrif þau hafa á val kynjanna þegar sótt er um nám og störf á eldri árum. Einnig fjalla ég um kynjaskiptan vinnumarkað og hvernig hann viðheldur launamun kynjanna enn þann dag í dag. Þá mun ég fara yfir fordóma gegn karlmönnum sem starfa með börnum og hvort þeir eigi þátt í þeim dræma fjölda karlmanna á leikskólum að gera. Launamál og fyrirvinnuhyggja karlmanna verður líka gerð skil. Launin hafa mikið um aðsóknina að segja en þau eru þó ekki aðal ástæða þess hversu fáir þeir eru í raun og veru. Fróðlegar niðurstöður verkefnisins sína að það er margt sem hægt er að gera öðruvísi á leikskólunum til að fjölga karlmönnum í starfi.

Framkvæmd var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru opin viðtöl við fjóra karlkyns starfsmenn leikskóla, þrjár leikskólakennaramenntaðir og einn sálfræðimenntaður. Reynt var að skyggjast inn í heim karlkyns leikskólustarfsmanna og fá þeirra upplifun af starfinu og náminu. Hvað mætti gera betur og hvaða leiðum mætti beita til að auka fjölda karla á leikskólum. Rannsóknarspurning verkefnisins var svo hljóðandi: Hvað hindrar karlmenn í að sækja í störf með ungum börnum?

Uppbygging verkefnisins er þannig að fyrsti kafli fjallar um samfélagið en þar verður fjallað um staðalímyndir, kynjaskiptan vinnumarkað, fordóma, laun og áhrif fjölmiðla. Næsti kafli miðar að því að komast að því af hverju þurfi fleiri karlmenn starfandi á leikskólum. Því næst er aðferðafræðin kynnt og þátttakendur eigindlegrar rannsóknar kynntir. Greining gagna kemur þar á eftir þar sem greint verður frá innihaldi

viðtalanna og þau greind til hlítar. Niðurstöður eru síðan tilgreindar ásamt lokaorðum og svári við rannsóknarspurningunni.

2. Samfélagið

2.1. Staðalímyndir

Á leikskólaaldri fara börn að gera sér grein fyrir starfsmöguleikum fólks út frá sinni eigin reynslu af störfum fólks sem það umgengst, foreldra, fjölmiðla, skóla og annarra uppeldisstofnana sem þau tilheyra. Þessi félagsmótun hefur áhrif á starfsáhuga barnanna. Það er löngu vitað að starfsánægja er stór þáttur í lífi flestra þar sem mikill tími okkar ævi fer í vinnu, og er val á námi og starfi því meðal mikilvægustu ákvarðana sem einstaklingar taka í lífi sínu (Sharf, 2006; Sif Einarsdóttir, 2005; Williams, 1995). Við gætum einnig sett þetta upp eins og Sólveig Karvelsdóttir (2005) gerir en þar líkir hún samfélagi mannsins við skákleik. Strax frá fæðingu er upphafsreitir kynjanna ólíkur og strax þá er búið að raða hverjum einstaklingi í tvær fylkingar, strákar og stelpur. Þessi skýra aðgreining er síðan styrkt í gegnum félags- og menningarlega mótun sem stýri karlmönnum og konum inn í ríkjandi staðalmyndir og hlutverk.

Þetta eru hlutir sem ég tel að ætti að bæta. Við eigum ekki að flokka börn í dilka líkt og um sauðfé væri að ræða og auðvitað eiga börn að fá að velja sér með hvaða dót þau leika sér án þess að verða dæmd fyrir vikið. Við sem starfsmenn verðum líka að passa okkur að kyngera ekki ákveðin leikföng og hluti, eins og t.d. Barbie er fyrir stelpur og bílar fyrir stráka. Börn og unglingar verða að fá að velja sér sín áhugamál, störf og hluti án þess að þau séu dæmd fyrir og það hefst auðvitað ekkert í þeim málum ef fullorðna fólkið, fyrirmyndirnar eru að ýta undir ákveðnar staðalímyndir kynjanna.

Það hefur lengi tíðkast að karlmenn leggi mikla áherslu á það að faðirinn sé góð fyrirvinna en konurnar aftur á móti leggja meiri áherslu á að þeir taki þátt í að hugsa um börnin og bregðist við tilfinningalegum þörfum fjölskyldunnar (Sadker og Zittleman, 2007). Þetta er sem betur fer að breytast, konur eru farnar að vinna meira úti og farnar að sækjast í svokölluð karlastörf. Hlutverkin á heimilinu eru að verða meira jafnari, þ.e. karlmaðurinn er farinn að taka svipaðan þátt í heimilisstörfunum og konan. Þannig eru karlmennirnir ekki lengur eina/stærsta fyrirvinnan á heimilinu. Samfélagið virðist sýna

stúlkum meira umburðalyndi þegar þær velja sér karlmannlegar námsgreinar og viðfangsefni en það sama er ekki að segja um það þegar drengir velji sér námsgrein sem þyki kvenleg (Browne, 2004; Williams, 1995). Það er því hægt að segja að hið karllæga nýtur almennt meiri virðingar en það kvenlega og verða strákar sem sýna stelpulega hegðun frekar fyrir niðurlægingu heldur en stelpur sem sýna strákalega hegðun (Þórdís Þórðardóttir, 2005).

Ef eitthvað á að gerast þá verðum við að byrja í leikskólunum að breyta þessari hugsun, halda síðan áfram í grunnskólanum og alveg upp í menntaskóla. Mér finnst persónulega að það mætti gera meira, í grunnskólunum þá aðallega þar sem börnin eru eins og leir, auðvelt að móta þau. Það kemur ekki jafn skýrt fram í Aðalnámsskrá grunnskólanna um að kynni eigi störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Það er þó gert í Aðalnámsskrá framhaldsskólanna (2004, bls. 9) en þar segir orðrétt: „Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og bjóða þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf“. Það mætti semsagt koma þessari hugsun inn í grunnskólanna líka, því aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Í rannsókn Þórðar Kristinssonar (2005) kemur fram að karlmenn sem fari í umönnunarstörf séu oft álitnir skrýtnir á einhvern hátt og í ritgerð Gísla Hrafns Atlasonar (1999) segir hann að það séu ríkjandi ákveðnar karlmennskuhugmyndir sem komi í veg fyrir að karlmenn sækji í störf á þessi svið. Þá segir hann að almennir fordómar í samfélaginu séu áberandi í garð karla í kvennagreinum og þar leggur hann áherslu á að breyta þurfi þessum stöðluðu hugmyndum um kynhlutverk til að það geti auðveldað karlmönnum að fara yfir í óhefðbundnar greinar. Að lokum segir Gísli að lág laun hamli karlmönnum í að fara í þessi störf þar sem fyrirvinnuhugmyndin sé mjög sterk hjá karlmönnum (Gísli Hrafn Atlason, 1999).

2.2. Kynjaskiptur vinnumarkaður

Á Íslandi er vinnumarkaðurinn mjög kynjaskiptur og ekki síður námsval kynjanna. Þessi kynjaskipting á vinnumarkaðnum viðheldur þeim hugmyndum um eðlislæg einkenni karla og kvenna, dregur úr sveigjanleika vinnumarkaðarins og er þannig að öllum líkindum

ein af megin ástæðum þess að launamunur karla og kvenna er viðvarandi. (Melkas og Anker, 1997). Við skulum hinsvegar aðeins skilgreina orðið *kynskipting* á vinnumarkaðnum. Hugtakið kynskipting (*e. gender segregation*) vísar til ólíkrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði eftir því hvaða störfum þau gegna. Enn þann dag í dag er skiptingin þannig á vinnumarkaði að kynin gegna ólíkum störfum (Andersen, 2003).

Hlutfall karla á menntavísindasviði, sem er grunnám fyrir þá sem ætla sér að starfa með börnum og unglingum, er gríðarlega lágt miðað við hlutfall kvenna. Þetta sést augljóslega á tölum yfir fjölda karla og kvenna í deildum menntavísindasviðs (þroskaþjálfun, grunnskólakennarafræði, leikskólakennarafræði, tómsunda- og félagsmálafræði og uppeldis- og menntunarfræði). Af 1010 nemendum eru einungis 144 karlmenn eða rúm 14%. Hlutfall karlmanna er minnst í leikskólakennarafræðunum eða einungis rúm 2% (Hagstofa Íslands, 2011). Ef við horfum síðan til karla sem starfa á leikskólum kemur í ljós að fjöldi þeirra er afar rýr. Fjöldi þeirra var árið 2012 einungis 6% á móti 94% kvenna. (Hagstofa Íslands, 2012)

Þessi kynjaskipting hefur ekki góð áhrif á vinnumarkaðnum, en hún er talin ýta undir kynbundinn launamun (Cox, 2005). Kynjaskiptur vinnumarkaður hefur líka áhrif á alla jafnréttisþróun, framþróun atvinnulífsins og viðheldur þannig launamun kynjanna. Með þessari kynbundnu félagsmótun dregur mikið úr frelsi einstaklinga og valmöguleikar kynjanna takmarkast þannig á ólíkan hátt (Sif Einarsdóttir, 2005). Einnig getur þetta haft þau áhrif að kynið verður afgerandi þáttur þegar kemur að því að velja sér menntun eða þá starfsferil. Kynið hefur þannig vinninginn fram yfir hæfileika og langanir fólks þar sem fólk velur sér jafnvel frekar menntun og starf sem þykir viðeigandi fyrir þeirra kyn. (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Jafnréttisstofa, e.d.).

Samkvæmt Gyðu Margréti Pétursdóttur (2008) líður karlmönnum mun betur inni á vinnustöðum þar sem hefðbundin verkaskipting ríkir og ef þeir eru hærri í stigveldinu heldur en konur. Hins vegar finna konur sig betur á blönduðum vinnustöðum þar sem jafnræðir ríkir. Gyða Margrét telur einnig að almennt sé vinnustaðamenningin betri þegar að karlmenn og kvenmenn vinna saman.

Í dag eru konur farnar að sækja í auknu mæli í hin hefðbundnu karlastörf, sem er ekki raunin þegar litið er á aðsókn karla í hefðbundin kvennastörf (Tokar og Jome, 1998).

2.3. Fordómar

Fordómar í garð karlmanna sem starfa með börnum eru jafn misjafnir og þeir eru margir. Það er reyndar mikið áhyggjuefni eins og sannast hefur í greinum (Blount, 2005; Fifield og Swan 2002; Weems, 1999) að konur eru álitnar vera uppaldur. Það eru forsendur fyrir því að karlmenn sem vilja vinna með yngri börnum eru oft álitnir kvenlegir, hommar og/eða barnaníðingar. Seifeirt (1998) trúir því að fordómar sem þessir gagnvart karlmönnum, sem segja að karlmenn séu óhæfir til að gegna hlutverki uppalenda og umönnunar með ungum börnum, geri það að verkum að mun erfiðara sé að fá fleiri karlmenn til að gegna þessum störfum. Fagan (1996) taldi rökin fyrir því að konur væru öruggari að vinna með öðrum konum því að flest öll störf í kringum börn væru hönnuð í kringum mæður en ekki feður. Hann benti einnig á að í sumum tilvikum væri mikil spenna milli karla og kvenna sem starfa með yngri börnum, að hluta til vegna fjölda einstæðra mæðra sem skortir stuðning frá feðrum eigin barna. Að mati Sanders (2002) þurfa karlmenn sem vinna með börnum að verja val sitt á starfsgrein fyrir fjölskyldu, vinum og kvenkyns samstarfsfélögum. Neugebauer (1999) benti á að sumir kvenkynskennarar ættu í meiri erfiðleikum með að tengjast feðrum barnanna en mæðrum þeirra, það sama gilti um að tengjast karlkyns samstarfsfélögum.

Karlmenn þurfa að vinna harðar og leggja meira á sig en konur að sögn Sargent (2001) og það er lögð á þá aukin ábyrgð. Undir þetta tekur King (1998) og nefnir að karlkyns kennarar þurfi sífellt að sanna að þeir geti sinnt starfinu sem skyldi og mæti oft miklum fordómum, t.a.m. talar hann um að konurnar bíði og sjái hvort „karlinn geti þetta“. Einnig kemst King (1998) að því að karlmenn sem starfa á leikskólum segjast finna fyrir því að samstarfskonur sínar öfundi þá af því þeir eru vinsælli bæði hjá foreldrum og börnum. Börnin sjá þá líka sem föðurímynd, þá sérstaklega börn einstæðra mæðra.

Jennifer Sumsion (1999) greinir frá líðan karlmanns í leikskólastarfi í grein sinni *Critical Reflections on the Experiences of a Male Early Childhood Worker*. Greinin fjallar um James sem er 33 ára karlmaður, giftur og tveggja barna faðir sem býr í Ástralíu. Hann á að baki margra ára nám í kennslufræðum og leikskólafræðum fyrir börn. James tók þátt í eigindlegri viðtalskönnun sem var gerð af Jennifer Sumsion, en hún vildi komast að því

hver upplifun karlmannna væri í leikskólastörfum. Hún spurði hann fyrst að því hvað varð til þess að hann fór að læra/vinna með börnum. Hann svaraði að hann hefði verið í mjög góðri vinnu sem borgaði vel. Hann sagði að það hlyti að vera meira til lífsins spunnid en að vakna á hverjum morgni bara fyrir peningana. Hann vildi geta komið heim á hverjum degi með eitthvað innanbrjósts, vita að hann hefði kannski gert gæfumuninn í lífi einhvers. Eftir það spurði Jennifer hann út í viðbrögðin við þessu. Hann talaði um að langafi sinn, afi, faðir og bróðir hefðu verið og væru námumenn. Móðir hans var afar vonsvikinn með ákvörðun hans og enginn virtist skilja hans sjónarmið. Að sögn Jennifer braut þessi ákvörðun hans gegn væntingum samfélagsins af karlmennsku hvað varðar vinnu. Að hann eigi að vera fyrirvinna fjölskyldunnar í gegnum erfiðis vinnu og púl eða með öðrum orðum þá átti hann að vinna „*man's job*“. Þessi ákvörðun hans að ganga í kvennastarf vakti strax grun og efasemdir um kynhneigð hans en á þessum tíma var hann ekki giftur né með börn. (Sumsion, 1999)

James vissi þó af þessari áhættu, að hafna hinu hefðbundna karlastarfi og fara að vinna með ungum börnum. Hann hélt þó að gleðin og það að koma heim með eitthvað innanbrjósts myndi bæta það, en svo var víst ekki. Ein skondin, en samt ekki svo skondin, saga í viðtalinu er þegar hann upplifir í náminu að vera fyrsti og eini karlmaðurinn sem þar er. Hann varð fyrir þónokkru áreiti frá samnemendum sínum, sem fólst í því að þær slógu hann létt á rassinn, spurðu hans allskyns kynferðislegra spurninga og fleira óviðeigandi. Það varð þó að einn daginn fylltist mælirinn hans og hann fékk algjörlega nóg og byrjaði að ganga um með giftingahring svo konurnar létu hann í friði og einnig til að sýna að hann væri ekki samkynhneigður. (Sumsion, 1999)

Þegar James hóf að vinna á leikskólanum urðu margir foreldrarnir furðu lostnir og leist ekkert á blikuna. Hann sagðist alveg getað tekið því, enda með breitt bak en þessir óbeinu fordómar sem hann varð fyrir drógu gríðarlega úr honum kraftinn. Fólki fannst að það væri hlutverk kvenna að hlúa að og sinna börnum, ekki karlmannna. Þetta leiddi af þeirri forsendu að fólk telur að menn sem vinna með ungum börnum hljóta að hafa tilhneigingu í átt að barnagirnd (*e. paedophilia*) að sögn Skelton (1991). Murray (1996) setur þetta mun hispurslausara fram og segir að þegar að menn velja að vinna með börnum, verða þeir um leið undir þessum grun. Að velja sér það að fá illa borgað, koma sér í lélega stöðu og vinna með börnum ýti allt undir þennan grun.

James sagði að eftir útskrift sína hefði hann orðið æ áhyggjufyllri um það að vera sakaður um kynferðisbrot gegn börnunum. Hann hafði mikla áhyggjur af þessu og minnkaði töluvert samskipti sín við karlkyns kollega vegna möguleikans á að vera óvart kenndur við barnagirnd. Hans eigin orð voru „*I know that I am all right but I can't know for sure about them*“.

Eftir að James lauk við diplómu sína úr skólanum bauðst honum starf sem var nýtt á nálinni og kallaðist „*second teacher's job*“. Þar sem þetta var glænýtt fyrirbrigði hafði hann enga fyrirmynd til að fara eftir. Yfirmaður hans var kona, hún var dugleg við að ala upp hina starfsmennina en gerði gríðarlega kröfur til hans þar sem hann var karlmaður og honum fannst hann alltaf þurfa að hafa meira fyrir hlutunum heldur en aðrir starfsmenn. Hins vegar var þetta frekar dæmigert fyrir karlmann í þessu starfi, að vaðla beint inn í stjórnunarstöðu sem gerði honum kleift að koma sér í betri stöðu og laun. Hann vildi hins vegar efla stöðu karla í þessari stétt og sagði að með veru sinni hér í þessu starfi væri hann að segja við börnin „*þið getið verið hvað sem þið viljið vera, finnið eitthvað sem gerir ykkur hamingjusöm*“. (Sumsion, 1999)

En nú er komið að því sem varð til þess að James hætti í vinnu sinni og leitaði á aðrar slóðir. Fólk var farið að hringja í hann án nafns og kalla hann barnaníðing. Hann hitti nýja foreldra á leikskólanum sem gengu inn um dyrnar á leikskólanum og spurðu um yfirmann, hann svaraði um hæl og sagðist vera yfirmaðurinn á staðnum og fólkið sneri sér bara við og gekk beint út aftur. Hann talaði um að þetta hefði verið eins og að sitja á tímasprengju, ásakanirnar koma fyrir eða síðar. Þetta var ekki spurning hvort það myndi gerast, heldur hvenær. Þegar þú ert einhleypur hefurðu ekki miklar áhyggjur af þessum ásökunum, þú tekst bara á við þær en þegar þú ert giftur þá særir það mun fleiri. Hann átti konu, tvö börn og hann vildi alls ekki draga þau í gegnum einhverja ásökun um kynferðislega misnotkun gegn barni. Hann gat ekki lifað við það né látið konuna og börnin ganga í gegnum það. Nokkru síðar var spreyað á vegginn á leikskólanum „*James er barnaníðingur*“. (Sumsion, 1999)

Þetta hafði gríðarleg áhrif á hann, honum leið eins og það hefði eitthvað verið brotið innan í sér sem kom í veg fyrir að hann gæti átt í eðlilegum samskiptum við börnin. Áður fyrr faðmaði hann krakkana að sér og gat sýnt þeim hlýju og samúð en núna gat hann ekki umgengist þau, hann heldur þeim í hæfilegri fjarlægð og snertir þau ekki. Eftir

að hann hafði tekið sér 6 vikna leyfi frá vinnu kom hann til baka og börnin voru auðvitað mjög glöð að sjá hann, þau hoppuðu af gleði og réðust bókstaflega á hann. James gat ekki tekið þessu og varð hann að læsa sig inni á skrifstofu sinni til að forðast börnin. Hann upplifir það sama með sín eigin börn, sérstaklega þegar hann kemur heim úr vinnu eftir 8 klukkustundir í þessu umhverfi með þennan hugsunarhátt, þá finnst honum mjög erfitt að koma heim til sín og fara í pabbahlutverkið og leyfa sér að sýna börnunum sínum umhyggju eins og feður ættu að gera. Eins og áður sagði var eitthvað brotið inn í honum, en það sem olli mestum áhyggjum var að hann hafði engan áhuga á að laga það sem brotið var. Ástæðan fyrir því var að ef að hann heldur börnunum í vinnunni í hæfilegri fjarlægð þá eru mun minni líkur á að hann sé ásakaður um eitthvað þessu líkt aftur eða þá að vera undir stanslausum grun. (Sumsion, 1999)

2.4. Laun

Karlmönnum á ekki eftir að fjölga verulega í kvennastörfum nema þau verði betur launuð segir Bradley (1993). Kinos og Laakkonen (2005) nefna lág laun eina af fjórum ástæðum þess að karlkyns leikskólakennarar hætti störfum. Niðurstöður sænsks verkefnis gáfu til kynna að karlmenn í leikskólastarfi þurfi að reikna með því að fá litla virðingu fyrir starfi sínu, afar lág laun og vinna í sífellum mótvindi. (Norhäll og Matson, án árs).

Eins og hefur verið getið hér fyrr í ritgerðinni hafa karlmenn löngum fundist þeir eiga að gegna fyrirvinnuhlutverki heimilisins. Sú hugsun leitar á karlmenn áður en þeir huga að menntun og starfsframa. Vitandi að laun í leikskólastarfinu eru jafn lág og raun ber vitni, þá mætti í raun kalla þetta fyrsta þröskuldinn í því að fá fleiri karla til að mennta sig sem leikskólakennara. (Williams, 1993). Í meistararitgerð Önnu Elísu Hreiðarsdóttur, þar sem hún gerði viðtalsrannsókn á karlkyns leikskólakennurum kemur fram í niðurstöðum hennar að mikilvægast væri að laun leikskólakennara væru samkeppnishæf og að starfið væri virðingarvert starfsval bæði fyrir karla og konur. (Anna Elísa Hreiðarsdóttir, 2006).

En við verðum hins vegar að staldra við og athuga hvort að launin séu endilega allt, hvort þau skipti raunverulega höfuðmáli. Í rannsókn sem Arna H. Jónsdóttir framkvæmdi árið 1999 kom í ljós að mest starfsánægja leiðbeinenda á leikskólum og leikskólakennara

fólst í þeirra persónulega árangri með börnunum, að sjá einhvern árangur og ávöxt af starfi sínu. (Arna H. Jónsdóttir, 2003).

2.5. Áhrif fjölmiðla

Áhrif fjölmiðla hafa því miður ekki verið rannsökuð að neinu marktæku leyti hvað varðar þetta málefni. Því er erfitt að fullyrða að fjölmiðlar hafi einhver bein áhrif á karla sem sækjast í störf með börnum en vissulega gætu þeir haft einhver áhrif.

Undanfarin ár hefur umræðan um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum aukist gríðarlega. Umræðan hefur verið hávær og náði líklegast hámarki í ársbyrjun 2013 þegar Kastljós var með vikulanga umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Þessi mikla umræða fjölmiðla ásamt umræðunni sem orðið hefur í þjóðfélaginu undanfarið hefur óneitanlega hindrað einhverja karla til að sækja um störf með ungum börnum. Menn sem starfa með börnum greina frá því að fólk efist um hvatir þeirra og gruni þá um eitthvað kynferðislegt. (Penn og McQuial, 1997; Rolf o.fl., 2003).

Eins og fram kemur í grein danska fréttamiðilsins *Jyllands-Posten* segir að á undanförunum 5 árum hafa 50-100 danskir leikskólustarfsmenn verið kærðir fyrir að hafa áreitt börn kynferðislega. Þau mál hafa verið rannsökuð og hafa fæst þeirra leitt til ákæru og aðeins eitt mál komist til dómstóla. Þeir sem fá slíkar tilefnislausar kærur fara oft í langt veikindaleyfi í kjölfarið, þeim er vikið úr störfum og þeir eru í raun brennimerktir fyrir lífstíð. (Flere uskyldige pædagoger udråbt som pædofile, 2013). Í greininni kemur fram að margir leikskólar í Danmörku hafa á undanförunum árum sett upp ýmsar reglur um hvað karlmenn á leikskólum mega og mega ekki gera. Víðast hvar mega þeir ekki skipta um bleiur á börnunum eða spila með þeim leiki á borð við knattspyrnu nema að kvenkyns starfsmaður sé með þeim. (Mistanke om sexovergreb: Institutioner får glasvægge, 2013)

Í grein í breska blaðinu *The Telegraph* kemur fram samkvæmt nýrri rannsókn að karlmenn séu hræddir við að vinna með ungum börnum af ótta við að vera sakaðir um barnaníð. (June O'Sullivan, 2012)

Árið 2012 kom út dönsk kvikmynd sem ber nafnið *Jagten* (e. *The Hunt*). Hún fjallar um Lucas sem starfar sem leikskólakennari í bæ einum í Danmörku. Þar er hann ranglega sakaður um kynferðisbrot gegn barni og verður hann fyrir miklum ofsóknum frá

bæjarbúum. Er myndinni ætlað að gefa fólki hugmynd um að það er einnig til fólk sem er ranglega sakað um kynferðisbrot og opna augu almennings á slíkum nornaveiðum. (IMDb.com, 2012).

3. Af hverju fleiri karla?

Því miður hefur þetta tiltekna efni ekki verið ítarlega rannsakað, aðallega vegna skorts á leikskólum sem hafa kynjajafnvægi til staðar þ.e. vinnustað þar sem álíka margir karlmenn vinna og konur. Ruxton (1992) benti á að meirihluti starfsmanna leikskóla viðurkenndi mikilvægi jákvæðra karlkynsfyrirmynda fyrir börnin. Því ættu karlmenn sem starfa á leikskólum að skora á þá almennu staðalímynd sem ríkir um karla, að þeir séu einungis fyrirvinna heimilisins og sýna börnunum að karlmenn geti annast þau af umhyggju og ást.

Bæði Chodorow (1978) og Johnson (2008) bentu á að ef flestir leikskólar væru mannaðir af konum gæti það ýtt verulega undir hugmyndir barnanna um hlutverk kynjanna. Það gæti einnig eflt þær staðalímyndir sem nú þegar eru til staðar um eiginleika kynjanna og hlutverk þeirra. Piburn (2006) taldi að ef fleiri karlmenn kæmu í störf hjá leikskólum myndi það draga úr hugmyndum barnanna um staðalímyndir sem margar hverjar eru græddar í okkar félagslegu menningu. Með því að fjölga karlmönnum á leikskólum víkkar sjóndeildarhringur barnanna. Þau sjá karlmenn í allt öðru hlutverki en áður og búast þá við því að karlmenn hlúi almennt að þeim, séu umönnunaraðilar og kennarar. Þannig myndu börnin líta á þá hegðun þeirra sem dæmigerða hegðun karlmanna.

Lamb (2000), Parke (1996) og Fagan (1996) telja að karlmenn bjóði upp á ærslafyllri leik með börnunum sem fellst í meiri eltingarleik, slagsmálum og glímu (*e. rough and tumble play*) við karlmanninn og því fylgir yfirleitt mikil fíflalæti og öskur. Einnig telja þeir að karlmenn hvetji börnin til að taka meiri áhættur og geri börnunum kleift að reyna meira líkamlega á sig utandyra vegna líkamslegs styrks þeirra. Að sjálfsögðu er ekki verið að meina að konur geti ekki sinnt þessum hlutum, heldur bent á að karlmenn leiki sér öðruvísi með börnunum en konur. Einnig geta börn myndað sér sína eigin staðalímynd byggða á þeirri staðalímynd sem þau taka eftir innan um þá karla sem þau umgangast. (Martin, 1995).

4. Aðferðafræði og þátttakendur

4.1. Aðferðafræðin

Í þessari rannsókn var stuðst við eigindlega rannsóknaraðferð en sú aðferð er samheiti yfir nokkrar rannsóknaraðferðir. Þær eru meðal annars vettvangsrannsóknir, rýnihópar, opinberar skýrslur, afritun viðtala eða persónuleg gögn. Í þessari rannsókn voru tekin opin viðtöl við fjóra karlkyns leikskólakennara

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum leitast rannsakandinn að því að skilja félagsleg fyrirbæri. Þannig verður aðaláhersla hans á að skilja veruleika fólks og afla upplýsinga um hann án þess þó að einfalda veruleikann eða finna einhver tengsl. Markmið rannsakanda er ekki að geta alhæft eitthvað um rannsóknarefnið heldur að skilja veruleika viðmælandans og annarra sem eru í svipaðri eða sömu stöðu. Með þessu getur rannsakandinn safnað gögnum um þátttakendur, greint gögnin út frá orðum þátttakenda og byggt á kenningum sem segja að veruleikinn sé félagslega skapaður. Rannsakendur verða hinsvegar að setja sínar eigin skoðanir, hugmyndir og viðhorf til hliðar í eigindlegum rannsóknum og leggja þannig áherslu á að samræmi milli rannsóknargagna og þess sem þátttakendurnir sögðu og gerðu (Esterberg, 2002)

Það er afar sjaldgæft að rannsakendur í eigindlegum rannsóknum fari af stað með einhverja kenningu eða tilgátu, heldur velur hann sér rannsóknarefni og safnar gögnum um efnið sem hann síðan vinnur úr og kemur að lokum með einhvers konar kenningu út frá þeim gögnum sem safnað var. Þessi rannsóknaraðferð kallast aðleiðsla. Einnig er mikilvægt að rannsakandinn minni sig á að öll sjónarmið eru jafngild og það er ekki hlutverk rannsakandans að dæma viðmælendur heldur skilja þá. (Esterberg, 2002)

4.2. Þátttakendur

Við val á þátttakendum í þessari rannsókn var notast við svokallað snjóboltaúrtak (*e. snowball sampling*). Með því er átt við að hvert stak í úrtakinu er tengt einhverju öðru staki beint eða óbeint. Rannsakandinn hefur upp á einu staki sem fellur að rannsóknaráætlun hans og byggir á upplýsingum frá því staki til að hafa upp á fleirum og svona heldur hann áfram koll af kolli. Þetta er ekki tilviljunaraðferð, en getur verið gagnleg ef ætlunin er að skoða einhvern afmarkaðan jaðarhóp í samfélaginu. (Neuman, 2011).

Viðmælendur mínir voru fjórir talsins og starfa þeir allir á leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Viðmælendur mínir fengu dulnefni til að virða persónuvernd þeirra. Dulnefnin eru Jón, Páll, Stefán og Baldur.

Spurningarlistinn er blanda af lokuðum og opnum spurningum og er hægt að sjá spurningarlistann hér aftast í viðauka.

5. Greining gagna

Í þessum kafla verða viðmælendur mínir kynntir og farið yfir það helsta sem kom fram í viðtölunum og svörum þeirra við spurningarlistanum. Svörin verða borin saman og rædd nánar.

5.1. Viðmælendur mínir

Jón er 31 árs gamall leikskólakennari sem starfað hefur á leikskóla frá árinu 2005. Upphaflega kom hann inná leikskólann því honum vantaði vinnu og hélt að þetta gæti orðið skemmtilegt starf. Hann ætlaði sér ekki að gera þetta að framtíðarstarfi sínu í upphafi en með tímanum fann hann að honum var falin ábyrgð á leikskólanum sem varð til þess að hann ákvað að læra leikskólakennarann í kjölfarið. Ákvörðunin var því ekki meðvituð, heldur breyttust viðhorfin þegar að hann hóf störf.

Páll er 38 ára gamall leikskólakennari sem starfað hefur á leikskóla síðan árið 1998 og starfaði þar sem leiðbeinandi til ársins 2003 þegar að hann hóf nám. Hann útskrifaðist árið 2006 sem leikskólakennari og hefur því starfað á leikskóla í rúm 15 ár. Páll segir það tilviljun að hann hafi byrjað að starfa sem leiðbeinandi á leikskóla árið 1998 en þá var hann á krossgötum í sínu lífi og vantaði vinnu. Í kjölfarið af því ílengdist hann og þótti starfið mjög skemmtilegt. Hann fékk hrós og hvatningu í starfinu frá yfirmanni sínum sem jók áhuga hans á kennslunni og fræðunum á bakvið hana sem varð til þess að hann fór í Kennaraháskólann í leikskólakennaranám.

Stefán er 53 ára gamall leikskólakennari af gamla skólanum en hann útskrifaðist úr Fósturskólanum árið 1987 eftir að hafa unnið um nokkurt skeið á leikskóla áður en hann hóf nám. Þá hafði hann starfsheitið starfsstúlka sem lýsir ágætlega tíðarandanum á þeim tíma. Einnig tók hann BA gráðuna sína í leikskólakennarafræðum í Kennaraháskóla Íslands. Hann telur að flestir ef ekki allir karlmenn sem hafa lært leikskólakennarann hafi á einhverjum tímamarki unnið á leikskóla áður en þeir hófu nám.

Baldur er 29 ára gamall sálfræðingur sem hefur starfað á leikskóla síðan 2008 eða í gegnum allt háskólanámið sitt og meira til. Hann útskrifaðist árið 2011 frá Háskóla Íslands en hafði starfað á leikskóla áður en hann hóf sálfræðinámið. Leikskólastarfið kom til hans fyrir tilviljun en móðir hans starfaði sem leikskólakennari og benti honum á að það gæti verið skemmtilegt fyrir hann að prufa að starfa þar meðan hann vissi ekki hvað hann vildi læra. Honum líkaði ákaflega vel að vinna með börnunum og fékk hann strax áhuga á að fara að læra leikskólakennarann en hætti síðan snarlega við þegar hann komst að því að námið væri fimm ár. Hann vildi þó mennta sig og ákvað að taka sálfræðina í staðin og vann á leikskólanum með náminu og hefur enn ekki getað sagt skilið við starfið. Hann sagðist aldrei hafa ætlað sér að starfa á þessum vettvangi eða að minnsta kosti ekki þælt neitt sérstaklega í því. Hann þakkar móður sinni fyrir að hafa í raun ýtt sér út í þetta en þau starfa enn saman á leikskólanum.

5.2. Greining gagna

Eins og kemur fram í kynningu á viðmælendum mínum fjórum þá hafa þeir það allir sameiginlegt að hafa í raun farið út í þetta starf og nám fyrir hálfgerða tilviljun. Þeir voru ekki á leið í leikskólakennarann eða stefndu á að starfa við slíkt starf áður en þeir byrjuðu sjálfir að starfa á leikskólum. Allir starfa þeir á höfuðborgarsvæðinu og því get ég ekki alhæft slíkar niðurstöður á allt landið en ég gef mér þó að ástæður annarra karlkynsstarfsmanna á leikskólum séum mjög svipaðar. Viðmælendur mínir hafa allir lokið háskólanámi, þrír sem leikskólakennarar og einn er sálfræðimenntaður. Þess ber hins vegar að geta að niðurstöðurnar eru ekki yfirfæranlegar á allt þýðið.

Þegar þeir eru spurðir hvaða ástæður þeir telja vera fyrir jafn fáum karlmönnum á leikskólum og raun ber vitni má sjá að svör þeirra eru nokkuð lík, þó er Stefán ekki á sömu skoðun. Jón, Páll og Baldur telja launakjörin spila stórt hlutverk þegar menn sækja í nám og störf sem þessi. Páll talar um að hefðir og venjur hafi eitthvað með málið að segja og einnig nefnir Jón að menn sjái þetta ekki sem einhverskonar framtíðarstarf. Jón telur líka að menn þurfi að þora að stíga skrefið og segir:

Ég held líka að kannski vanti hjá sumum bara að þora að prófa sko, að hérna já það svona að menn eru kannski þínu hræddir um að þeir séu einhverjir gaurar, og hvort þeim vanti í rauninni bara einhverjar fyrirmyndir eða svoleiðis

Stefán hefur mikla skoðun á þessu málefni og telur að það þurfi að leita víðar en í láglæuna skýringuna. Hann nefnir að vettvangur leikskólakennara sé mótaður af kvenmönnum og talar um að samkvæmt félagsfræðikenningum þá hefur vettvangur, hver svo sem hann er, tilhneigingu til að viðhalda sér. Og af því að vettvangurinn er nær eingöngu skipaður konum þá sé sú hugmynd tekin frá karlmönnum, þeir gera ekki ráð fyrir þessum möguleika þ.e. að starfa á leikskólum. Að lokum nefnir hann áhyggjur sínar að enginn sé í raun að gera neitt í þessum málum, það sé lítið talað um þetta almennt.

Þegar spurt er um hvort karlmenn sem starfa á leikskólum mæti einhverjum fordómum kannast þeir ekki við það af eigin skinni, nema Stefán. Þeir segjast finna meira fyrir ánægju meðal foreldra heldur en fordómum í sinn garð. Hins vegar telja þeir að líklegast séu einhverjir þarna úti sem finnst skrítið að þeir starfi sem leikskólakennarar.

Stefán segir að það þurfi að skilgreina fordómama, hann segir að fólk sé stundum hissa þegar það komi inn á skrifstofu til hans og sjái að hann sé karlmaður, eru það fordómar spyr hann. Hann telur þetta vera fáfræði og viðhorf sem fólk hefur án þess að hafa neina þekkingu eða hafi þá kynnt sér málin af einhverju viti.

Þeir telja allir að karlmenn hafi ekkert meira en konur fram að færa hvað varðar leikskólastarfið og telja það heldur persónubundið hvernig starfsmenn leikskóla leika með börnunum eða kenni þeim. Þetta er ekki bundið við kyn, heldur að við séum öll ólík og höfum mismunandi kosti fram að færa. Jón orðaði þetta skemmtilega:

Mér finnst allavega rosalega erfitt að tiltaka svona einhverja ákveðna eiginleika sem ættu að koma með körlum heldur en konum varðandi það sem maður er að bjóða uppá faglega sem leikskólakennari. Við förum í gegnum sama nám og svo er fólk með mismunandi áhugasvið og styrkleika og svoleiðis sko. En eins og ég segi, ég hef svolítið þælt í þessu og það er oft sagt að karlar séu meira svona meira á ferðinni og meira að gera og eitthvað svoleiðis sko. Ég held að það sé ekki bundið við kyn heldur velti það á hverjum og einum.

Páll hafði einnig skoðun á þessu málefni og segir:

Ég get bara talað út frá sjálfum mér, og ég fann það alveg að það var margt sem ég var góður í sem aðrir starfsmenn sem störfuðu með mér fyrst og fremst voru ekki góðir í. Það var fyrst og fremst að vinna með baldna drengi svona óþekka stráka, ég náði betur til þeirra en flestir aðrir kennarar sem voru starfandi þá. En hvort að það hafi verið tengt kyni eða mínum persónuleika þori ég ekki að fullyrða.

Stefán vil heldur ekki meina að kynið skipti einhverju máli að því leytnu að karlmenn hafi eitthvað meira en konur fram að færa og öfugt og segir þetta:

Mér finnst þetta yfirborðslegt og eigi ekki við, karlmenn eru oft svo miklu hressari og fara bara og gera hlutina, tala styttra á fundum o.s.frv. Ég veit ekki til þess að það sé neitt sem staðfesti þetta, það er bara viðtekið að svona sé álitid.

Það er nauðsynlegt að bæði karlmenn og konur starfi á leikskólum, það gefi börnunum rétta mynd af samfélaginu sem við lifum í. Páll sagði orðrétt:

Á leikskólanum eru náttúrulega bæði stelpur og strákar og þá er mjög mikilvægt að kennarahópurinn endurspegli það samfélag sem við búum í og þar eru bæði karlar og konur. Það er mikilvægt að börn hafi fyrirmyndir af báðum kynjum.

Jón vill einnig meina að með fjölgun karla sem starfi á leikskólum gæti það haft í för með sér fjölgun þeirra karla sem sækja í störf og námið seinna meira. Hann segir:

Ég veit ekki hversu mikið kennarar geti verið karlfyrirmyndir eins og fólk er að meina svona einhversskonar staðgengill fyrir föður. Ég veit ekki hvort að það verði einhverntímann alveg þannig en maður auðvitað er fyrirmynd að því leytnu til að þau apa eftir manni svona hegðun og takta og orð og allskonar svoleiðis og maður verður að passa sig alveg helling hvað maður segir og gerir og svoleiðis.

Hann telur þó að getum séð áhrif á þessu seinna meir:

En kannski förum við að sjá það eftir einhver ár að við karlarnir, okkur er alltaf að fjölga. Það er að segja körlum á leikskólum ekki endilega karlleikskólakennurum er að fjölga en kannski förum við að sjá það eftir einhver ár að það hefur það í för með sér að við verðum fyrirmyndir að því leytnu til að það fari fleiri strákar af yngri kynslóðinni inni þessi störf og inni námið. Það yrði þá normið fyrir þá að sjá stráka í þessum störfum.

Baldur er á sama máli og telur að ef ungir strákar sjái stöðugt karla upp allt menntakerfið eigi það ekki að verða neitt mál fyrir þá sjálfa að feta í sömu fótspor, þeir hafi fyrirmyndir frá yngri árum. Allir fjórir nefna að það sé nauðsynlegt að stíga skrefið og breyta hefðum og venjum á leikskólanum og fjölga þannig karlmönnum.

Umræðan um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hefur ekki farið framhjá þeim og þegar þeir voru spurðir hvort að sú umræða hefði einhver áhrif á aðsókn karla í leikskólastarfið og námið. Þar kom í ljós að þeir eru allir á sama máli og telja þeir að sú umræða hafi ekki áhrif á hvort að karlmenn sækja í nám eða störf sem þessi. Töluðu frekar um að menn væru meðvitaðari um að skipta aldrei einir á börnunum eða bakvið luktar dyr, enda þekkist slíkt ekki í dag. Besta forvörnin væru skýrir verkferlar og að viðhalda mikilli fagmennsku. Jón sagði þó eitt sem vert væri að nefna sérstaklega:

Maður hefur líka alveg hugsað það hvað ef það kæmi upp eitt svona tilfelli hér á Íslandi þar sem leikskólakennari er að misnota börn, það gæti alveg haft áhrif sko, ef það væri eitthvað svona slæmt mál þá gæti það alveg, þá kannski myndi maður endurskoða, eða fylgjast vel með þróuninni í þjóðfélaginu.

Það er einnig vert að nefna það sem Páll áréttaði, við höfum ekkert dómsmál hér á Íslandi þar sem leikskólakennari hafi verið bendlaður við kynferðislega misnotkun gagnvart barni.

„Við þurfum auðvitað að vera fleiri“ segir Jón. Fjölgun leikskólakennara er það sem skiptir máli, ekki af hvaða kyni þeir eru heldur að fjölga þeim almennt nefna Páll og Stefán. Stefán nefnir að á Reykjarvíkursvæðinu séu leikskólakennarar 20% starfsmanna og það vanti verulega upp á til að ná upp í mönnunarreglu innan leikskólanna. Páll segir „Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara“. Það sést því greinilega að þörfin á leikskólakennurum yfir höfuð, óháð kyni er gífurlega mikil.

Þegar þeir eru spurðir að lokum hvað við getum gert til að fjölga karlmönnum á leikskólum telja þeir auðvitað að launakjörin verði að batna. Jón og Stefán töluðu um að það væri ekkert mál að fá karla í leikskólastarfið ef það væri markvisst reynt af stjórnendum að ráða þá inn og taka þá inn framyfir konurnar eins og sé gert í mörgum fyrirtækum þar sem hlutfall kvenna er lítið. Enginn virðist hinsvegar kippa sér upp við þetta ástand og segir Stefán þetta:

Svo sjáum við að í það heila eru karlmenn um 5-6% starfsmanna og það eru kannski bara 2 leikskólar sem draga upp þessa prósentu. Það þýðir það bara að það eru fullt fullt af skólum þar sem er ekki einn einasti karlmaður starfandi. Afhverju finnst engum það alvarlegt? Það eru 270-80 leikskólar á landinu og það er einn karlkyns leikskólastjóri, hvaða rugl er það?

Páll bendir einnig á að flestir þeirra sem skila sér inn í námið hafi starfað sem leiðbeinendur á leikskóla áður. Þannig gefur það augaleið að með því að ráða markvisst inn fleiri karla þá ætti það að skila fleiri karlmönnum inn í námið. En hann segir að sjálfsögðu eigi ekki að fórna gæðum fyrir magn, en ef um tvo jafnhæfa einstaklinga sé að ræða þá eigi auðvitað það kyn sem er veikara innan leikskólans að vera valið framyfir það sterkara. Baldur tekur undir þetta með Páli og það gerir Jón einnig og segir:

Það eru svona ákveðnir leikskólar sem eru með miklu hærra hlutfall karla í störfum heldur en gengur og gerist og það eru leikskólar sem að bara aktívkt ganga á eftir því að ráða karla inn þannig að þetta er alveg greinilega hægt sko. Ef það er virkilega vilji til þess að fá fleiri karla inn í stéttina þá þarf að sýna þann vilja einhvernveginn í verki sko að hérna

við náttúrulega erum mjög fáir sem erum með þessa menntun en þá allavega fjölga þá allavega karlmönnun inn í leikskólanum því við vitum að það er alltaf ákveðið hlutfall af þeim sem að byrja að vinna á leikskóla sem fara í námið.

Og hann bætir við:

Það er mjög óalgengt að fólk fari í leikskólakennaranám án þess að hafa einhverntímann starfað á leikskóla, það varla þekkist.

6. Niðurstöður

Niðurstöður eigindlegu rannsóknarinnar gefa til kynna að laun leikskólakennara séu einn þáttur sem gæti hindrað karlmenn í að sækja í störf með börnum. Þá benda viðmælendur mínir einnig á að með markvissri stefnu leikskólastjóra og yfirvalda væri hægt að ráða karla í auknu mæli inn á leikskólanna sem leiðbeinendur. Ef tveir jafnhæfir einstaklingar sæki um hjá leikskólanum með sömu menntun eða svipaða, þá ætti karlinn nær alltaf að fá vinnuna vegna þess að hann er veikara kynið á þessu sviði, þ.e. að konur eru svo langt um fleiri en karlmenn á leikskólum. Með því að ráða karla markvisst inn mætti því ætla að aðsóknin í námið myndi aukast af hálfu karla því flestir þeir sem mennta sig sem leikskólakennarar hafa unnið á leikskólum áður en þeir sækja um í námið, þá sem leiðbeinendur.

Óttinn um að vera sakaður um kynferðislega áreitni er ekki einn af þáttunum sem gæti hindrað karla frá vinnu með ungum börnum samkvæmt viðmælendum mínum. Þeir telja það ekki hafa neitt með það að gera hvort að karlmenn sæki um í leikskóla eða námið þó svo þeir vilji meina að maður sé alltaf meðvitaður um hvar mörkin liggji.

Að lokum er helsta niðurstaðan sú að gríðarleg þörf er á menntuðum leikskólakennurum á Íslandi óháð kyni þeirra. Þörfin á leikskólakennurum almennt á Íslandi er óhemju mikil og mikið vantar upp á til að uppfylla þau skilyrði að á leikskólum skuli 2/3 starfsmanna vera menntaðir leikskólakennarar. Það þarf því eitthvað að gerast til þess að auka aðsóknina í námið og gera það meira aðlaðandi, bæði fyrir karla og konur.

7. Lokaorð

Eftir heilmikla vinnu og tíma sem fór í þetta verkefni er komið að leiðarlokum og hef ég vonandi náð að opna augu einhvers lesenda yfir mikilvægi þess að fá fleiri karla inn í leikskólakennarastarfið og starf leiðbeinenda. Ég hafði mikinn áhuga á því að komast að því hvað það væri í raun og veru sem hindraði karlmenn í að sækja í störf með ungum börnum og finnst mér ég hafa komist að niðurstöðu hvað það mál varðar með þessari rannsókn. Það sem sló mig hins vegar allra mest við vinnslu rannsóknarinnar var hversu ótrúlega fáir einstaklingar, óháð því hvort um karla eða konur er að ræða, sækjast í leikskólakennaranámið yfir höfuð núorðið. Slík þróun er virkilega slæm og vert væri að rannsaka hvers vegna svo fáir sækist eftir þessu námi.

Við vinnslu rannsóknarinnar vöknudú upp fleiri spurningar sem einnig væri áhugavert að rannsaka og gera annað verkefni um, jafnvel meistaraverkefni. Það er af hverju svo margir strákar sækjast í störf eins og í félagsmiðstöðvum og á frístundarheimilum. Þau störf eru ekki ýkja frábrugðin störfum á leikskóla nema hvað aldur barnanna varðar. Þá gæti vinnutíminn haft einhver áhrif, en þó verður það að teljast hæpið að það sé mjög stór áhrifaþáttur.

Eitthvað mikið þarf að gerast á næstu árum í menntakerfinu hjá okkur ef ekki á að fara illa fyrir komandi kynslóðum. Skerðingar á styrkjum til Háskóla Íslands og annara menntastofnanna eru áhyggjuefni á tímum sem þessum. Endurskoða þarf lengd leikskólakennaranámsins og íhuga róttækar breytingar sem myndu gera fagið aðlaðandi á ný. Við verðum að geta gefið komandi kynslóðum okkar tækifæri á að alast upp í umhverfi sem er umvafið fagaðilum á sínu sviði og einnig í umhverfi sem endurspeglar það þjóðfélag sem við búum í. Með því á ég við að allir ættu að geta unnið á leikskóla sama af hvaða kyni þeir eru. Því vil ég hvetja núverandi leikskólastjóra á Íslandi að íhuga það vel og vandlega þegar þeir ráða í stöður leiðbeinenda að gefa karlmönnum frekar tækifæri en konum. Þetta segi ég án allrar karlrembu og illsku því ég á eingöngu við að börnin þurfa að fá að alast upp í, eins og áður segir, umhverfi sem endurspeglar okkar þjóðfélag.

8. Heimildir

Andersen, M. L. (2003). *Thinking about women: Sociological perspectives on sex and gender*. Boston: Allyn and Bacon.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (2006). *Fólk heldur að við séum fleiri: Viðtalsrannsókn við íslenska karlleikskólakennara*. (óútfingin meistararitgerð) Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/1228/3550/1/Anna_El%C3%ADsa_Hrei%C3%B0arsd%C3%B3ttir_heild.pdf

Arna H. Jónsdóttir. (2003). Starfsánægja: Einstaklingsbundin skynjun. *Fagmennska og forysta*. (ritstj. Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir), bls. 157-170. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Blount, J.M. (2005). *Fit to teach: Same-sex desire, gender and school work in the twentieth century*. Albany: State University of New York Press

Bradley, Harriet. (1993). Across the Great Divide. The entry of men into „women’s job“. *Doing „women’s work“ men in nontraditional occupations. Research on men and masculinities* (ritstjóri Christine L. Williams), bls. 10–27. Newbury Park (Kaliforníu), Sage.

Browne, N. (2004). *Gender equity in the early years*. Maidenhead, England: Open University Press.will

Chodorow, N. (1978) *The Reproduction of Mothering: Psychoanalysis and the Sociology of Gender*. London: University of California Press

Esterberg, K.G. (2002) *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

Fagan, J. (1996). *Principles for developing male involvement programs in early childhood settings: a personal experience*. *Young Children*, 51(4) bls. 64-71.

Flere uskyldige pædagoger udråbt som pædofile. (2013, 5. janúar) *Jyllands-Posten*. Sótt 15. október 2013 af <http://jyllands-posten.dk/indland/ECE4970625/flere-uskyldige-paedagoger-udrabt-som-paedofile/>

- Fifield, S. Og Swain, H.L. (2002). *Heteronormativity and common sense in science (teacher) education*. Í Rita M. Kisson (ritstjóri), *Getting ready for Benjamin: Preparing teachers for sexual diversity in classroom*. bls. 177-190. Lanham, MD: Rowman og Littlefield.
- Gísli Hrafn Atlason (1999). *K arlar í kvennaheimi: Um íslenska karla í kvennastörfum*. (óbúttgefin BA-ritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2008). Within the socially, desirable aura of gender equality; division of domestic labour and child care. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *rannsóknir í félagsvísindum IX*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (e.d.) *Skráðir nemendur á háskóla- og doktorsstigi eftir skólum, tegund náms og kyni 2007-2011*. Sótt 15. september 2013 af <http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO04100%26ti=Skr%26ir+nemendur+%26h%26sk%26la%26og+doktorsstigi+eftir+sk%26lum%26tegund+n%26ms+og+kyni+2007%262011+%26path=../Database/skolamal/hsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%26ldi>
- Hagstofa Íslands. (e.d.) *Starfsfólk í leikskólum eftir kyni, starfssviðum og rekstraraðilum 1998-2012*. Sótt 20. september 2013 af <http://hagstofan.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01300%26ti=Starfsf%26lk+%26leiksk%26lum+eftir+kyni%26starfssvi%26um+og+rekstrara%26ilum+1998%262012%26path=../Database/skolamal/lsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fj%26ldi>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Johnson, S.P. (2008). The Status of Male Teachers in Public Education Today. *Education Policy Brief*. 6(4). Sótt af http://ceep.indiana.edu/projects/PDF/PB_V6N4_Winter_2008_EPB.pdf

- King, James R. (1998). *Uncommon caring. Learning from men who teach young children*. New York og London, Teachers College Press.
- Martin, C. (1995). Stereotypes about children with traditional and non-traditional gender roles. *Sex Roles*, 33, 727-752.
- Melkas, H. og Anker, R. (1997). Occupational segregation by sex in nordic countries: An empirical investigation. *International Labour Review*, 136(3), 341-363.
- Menntamálaráðuneytið. (2004) *Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Almennu hluti*. Sótt. 23. september 2013 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/2E2B4D24A5610ACE002576F00058D975/Attachment/Mmal.pdf>
- Mistanke om sexovergreb: Institutioner får glasvægge. (2013, 6. janúar) *Jyllands-Posten*. Sótt 15. október 2013 af <http://jyllands-posten.dk/indland/krimi/ECE4971232/mistanke-om-sexovergreb-institutioner-far-glasvaegge/>
- Murray, S. (1996) 'We all love Charles': men in child care and the social construction of gender, *Gender & Society*, 10, 368–385.
- Neugebauer, R. (1999). Recruiting and retaining men in your centre. *Inside Child Care. Trend Report*, bls. 151-154. Redmond, WA.
- Neuman, W.L. (2011) *Social research methods: qualitative and quantitative approaches*. Boston: Pearson.
- Norrhäll, Björn og Martin Matson. [Án árs]. *Män vi då? Sammanfattning av diskussionerna i NÄTMAN 99. Et nätverk om och för män i skola, förskola och fritidshem*. Sótt af <http://www.edu.falkenberg.se/natman/men%20vi%20da.doc>
- Penn, H. and McQuail, S. (1997), *Childcare as a Gendered Occupation*, DfEE Research report 23.
- Piburn, D. (2006). Gender Equality for a New Generation: Expect Male Involvement in ECE. *Exchange*, 168, 18-22. Sótt af <http://www.menteach.org/files/CCIE.March-April.Piburn.pdf>

- Rolfe, H., Metcalf, H., Anderson, T. and Meadows, P. (2003), *Recruitment and Retention of Childcare, Early Years and Play Workers: Research Study*, DfES Research Report 409
- Ruxton, S. (1992). 'What's He Doing At The Family Centre?' The dilemmas of men who care for children. London: National Children's Home.
- Sadker, D. og Zittleman, K. (2007). Gender bias: From colonial America to today's classrooms. Í Banks, J.A. og McGee Banks, C.A. (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives*. (6. útgáfa). bls. 135–169. Hoboken (NJ): John Wiley & Sons
- Sargent, Paul. (2001). *Real men or real teachers? Contradictions in the lives of men elementary school teacher*. Harriman, Men's Studies Press.
- Sharf, R.S. (2006). *Applying Career Development Theory to Counseling*. (4. útgáfa). Pacific Grove (CA): Brooks/Cole.
- Sif Einarsdóttir. (2005). Kynjamunur á starfsáhuga. Raunverulegur eða skekkja á áhugakönnunum? Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi*. bls. 103–123. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sólveig Karvelsdóttir (1995). Þau kunna mannganginn. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstj.), *Kynjamyndir í skólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sullivan, J.O. (2012, 19. Nóvember) Will Jimmy Savile case put men off working in childcare? *The Telegraph*. Sótt af <http://www.telegraph.co.uk/women/mother-tongue/9684111/Will-Jimmy-Savile-case-put-men-off-working-in-childcare.html>
- Sumsion, J. (1999). Critical Reflection on the Experiences of a Male Early Childhood Worker. *Gender and Education*, 11(4), bls. 455-468.
- Skelton, C. (1991) A study of the career perspectives of male teachers of young children, *Gender and Education*, 3, bls. 279–289.
- Þórdís Þórðardóttir. (2005). Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennaramenntun? Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi*. bls. 33–53. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Pórður Kristinsson. (2005). *Upplifun karla í hjúkrunarnámi. Hvað stendur í vegi fyrir auknum hlut karla í hjúkrun?* Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Sótt 1. nóvember 2013 af <http://www2.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1007373/Karlar+%C3%A4+hj%C3%BAkrun+Sk%C3%BDrsla.pdf>
- Weems, L. (1999). *Pestalozzi, perversity and the pedagogy of love*. Í William J. Letts of James T. Sears (Ristjórar), *Queering elementary education: Advancing the dialogue about sexualities and schooling*. bls. 27-38. Lanham, MD: Rowman og Littlefield.
- Williams, Christine L. (1993). *Doing „women’s work“ men in nontraditional occupations. Research on men and masculinities*. Newbury Park (Kaliforníu), Sage.

9. Fylgiskjal 1

Spurningarlisti eigindlegra viðtala

1. Hvað varð til þess að þú ákvaðst að starfa við leikskóla/læra leikskólakennarann?
2. Hverja telur þú ástæður þess að svo fáir karlar sækist í störf og nám sem þessi?
3. Telur þú karla sem starfa á leikskólum mæta fordómum af einhverju tagi?
4. Telur þú karlmenn hafa eitthvað fram að færa sem konurnar hafa ekki á leikskólanum?
5. Nú hefur verið sagt að það sé nauðsynlegt að hafa bæði kynin við störf á leikskólum, telur þú að börnin líti á þig sem fyrirmynd? Ef svo er, hvernig þá?
6. Telur þú að umræðan um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum komi í veg fyrir að strákar sækji í vinnu sem þessa eða nám? Og hefur það einhver áhrif á þig í starfi? Hagarðu þér öðruvísi?
7. Hvað getum við gert til að fá fleiri stráka á leikskólana og í námið?